



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 330

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 18. desember kl. 14:30.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón Valgeirsson (JV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi SOS þann 1. nóvember 2024 var Ása Valdís Árnadóttir kjörinn formaður og Bragi Bjarnason kjörinn varaformaður. Fyrir fundinum liggur tillaga um að Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir verði áfram fundarritari og er sú tillaga samþykkt samhljóða.

### 2. Samráðsvettvangur sorpsamlaga á SV landi – Fulltrúar SOS.

Stjórn samþykkir að fulltrúar SOS á samráðsvettvang sorpsamlaga á Suðvesturhorninu verði áfram formaður og varaformaður stjórnar SOS.

### 3. Minnisblað vegna Kirkjuferjuháleigu.

Lagt fram minnisblað frá Lögmönnum Suðurlandi vegna Kirkjuferjuháleigu sem var kynnt á aðalfundi SOS þann 1. nóvember sl. Í minnisblaðinu er að finna greiningu á mögulegri sölu á Kirkjuferjuháleigu sem er í eigu SOS en þar var starfrækt urðunarsvæði árin 1996-2009. Ræddar niðurstöður minnisblaðsins og möguleika í stöðinni.

Upplýst er um á fundinum að Umhverfisstofnun fór í vitjun á staðinn með BG f.h. SOS að morgni 18. desember, sama dag og fundur þessi er haldinn. BG fer yfir það sem fram fór í vitjuninni og upplýsir að svæðið líti vel út og öll sýni og athuganir komi vel út. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er fyrirséð að tíðni skoðana Umhverfisstofnunar verði fækkað vegna uppfærðs áhættumats. Gildandi starfsleyfi hefur gildistíma fram í júlí 2025 og þarf stjórn að taka til skoðunar í framhaldinu hvort sótt verði um endurnýjun þess.

Áætlað er að stjórn SOS fari í vettvangsskoðun að Kirkjuferjuháleigu á næsta stjórnarfundi.

### 4. Tölvupóstur frá Matvælastofnun (MAST) vegna Kirkjuferjuháleigu.

Formanni hefur borist erindi frá MAST um mögulegan grundvöll þess að urða í Kirkjuferjuháleigu fuglaflensumengað efni. Er erindið tilkomið vegna greinds tilviks fuglaflensu á Alifuglabúi á Auðholti, en þá var ákveðið að farga efninu í Kólku, brennslustöðinni á Suðurnesjum. Komi upp annað tilfelli telur viðbragðsteymi MAST af ýmsum faraldsfræðilegum ástæðum rétt að leita annarra tækifæra en Kólku til að farga efninu og hefur MAST borist ábending Umhverfisstofnunar um að Kirkjuferjuháleiga geti verið fýsilegur kostur til urðunar efnisins komi til þess.

Stjórn harmar þá stöðu sem hefur skapast vegna fuglaflensusmitsins og sendir hlýjar kveðjur til þeirra sem í hlut eiga. Urðunarstaðurinn að Kirkjuferjuháleigu hefur verið í lokunarferli undanfarin ár. Stjórn telur því miður ekki unnt að verða við beiðni um urðun fuglaflensusmitaðs efnis skv. beiðninni innan starfssvæðis SOS meðal annars með vísan til áhættu af meðhöndlun og urðun slíks úrgangs á starfssvæðinu.

#### **5. Fundaáætlun 2025.**

Fundaáætlun 2025 rædd. Farið yfir fyrirhugaðar heimsóknir og verkefni framundan. Stefnt að fundi 28. janúar nk. kl. 13 og að farið verið þá í vettvangsskoðun að Kirkjuferjuháleigu og vettvangsferð í Pure North í Hveragerði.

#### **6. Önnur mál.**

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:32.